

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu við Garðahraun 2 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni við Garðahraun 2. Breytingin felst í að lóð fyrir spennistöð er komið fyrir á lóð Garðahrauns 2 á milli bílastæða og Álftanesvegjar. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 5. janúar 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 705/2001, um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „47.481.612“ í a. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 52.290.000.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „396.680.100“ í a. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 435.750.000.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „33.921.892“ í b. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 41.299.514.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „31.654.408“ í b. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 34.860.000.
- e. Í stað fjárhæðarinnar „424.022.903“ í b. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 516.243.832.
- f. Í stað fjárhæðarinnar „31.654.408“ í c. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 34.860.000.
- g. Í stað fjárhæðarinnar „396.680.100“ í c. lið 1. mgr. greinarinnar kemur: 435.750.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. janúar 2004.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Stefán Jón Friðriksson.